

Nd.

139. Frumvarp til laga

[114. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1 gr.

Á eftir 32. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Heimilt er þingmanni að óska þess af forseta sameinaðs þings eða forsetum deilda, að hann fái að taka til máls utan dagskrár, og skal hann þá greina umræðuefni. Telji forseti málið aðkallandi eða af öðrum ástæðum ekki geta lotið reglum um venjulega meðferð þingmála, skal hann verða við ósk þingmannsins og leyfa umræður í tilefni af máli hans.

Þingmaður skal tryggja sér leyfi forseta og tilkynna viðkomandi ráðherra ræðuna að minnsta kosti þrem stundum fyrir upphaf fundar.

Reynist umræðuefnið að dómi forseta vera í eðli sínu spurning til ráðherra, gilda ákvæði 5. mgr. 32. gr. um ræðutíma.

Sé umræðuefni ekki spurning að dómi forseta, skal fyrsti ræðumaður hvers flokks, svo og viðkomandi ráðherra, fá 10 mínútna ræðutíma, en önnur ræða þeirra, svo og ræður annarra þingmanna, skulu eigi vera lengri en 5 mínútur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þingsköpum segir ekkert um umræður utan dagskrár, og er því algerlega á valdi forseta, hvort hann leyfir þær eða ekki, svo og hvernig hann hagar þeim.

Oft gerast atburðir skyndilega eða mikilsverð mál upplýsast óvænt, svo að Alþingi hlýtur um að fjalla. Af þessum sökum er þýðingarmikið, að slíkar umræður geti farið tafarlaust fram, þótt ekki hafi verið unnt að flytja málin eins og venjuleg þingmál. Þessu hlutverki hafa umræður utan dagskrár gegnt á Alþingi, og þær eru því meðal veigamestu liða í þingstörfunum.

EKKI verður því neitað, að stundum kveðja þingmenn sér hljóðs utan dagskrár til þess að vekja athygli á sjálfum sér og áhugamálum sínum, enda skýra fjölmiðlar oft á tíðum meira og betur frá því sem gerist utan dagskrár en innan hennar. Þessi misnotkun er þó léttvæg miðað við raunverulegt hlutverk umræðna utan dagskrár sem áður getur.

Á síðustu árum, sérstaklega eftir að ræðutími um fyrirspurnir var takmarkaður 1972, hafa forsetar tekið upp þá reglu að láta þann ræðutíma gilda um allar umræður utan dagskrár. Hafa þeir rökstutt þessa stefnu með því, að fyrirspurn flutt utan dagskrár eigi ekki að njóta sérréttinda lengri ræðutíma umfram þær fyrirspurnir, sem þingmenn flytja á venjulegan hátt og verða að auki oft að bíða lengi eftir svörum við.

Ýmsir alþingismenn hafa mótmælt þessari ákvörðun forseta og jafnvel neitað að hlíta henni. Þeir hafa það til síns máls, að ræður utan dagskrár eru oft ekki fyrirspurnir, en geta fjallað um stórmál, svo að ekki er eðlilegt, að þar sé beitt hinum ströngu tímatakmarkunum, er gilda um fyrirspurnir.

Starfshættir Alþingis eru sérkennilegir að því leyti, að fundir eru settir og ýmis störf unnin, svo sem afgreiðsla fundargerða, tilkynningar, ýmis erindi o. fl., áður en hin eiginlega dagskrá hefst. Aðrir líta svo á, að um leið og fundur er settur, sé dagskrá hans hafin, og geti því ekkert gerst „utan dagskrár“. Samt eru í flestum lýðræðislöndum til einhverjar leiðir til þess, að þing geti fyrirvaralaust rætt mál, sem upp koma, enda þótt þau séu ekki á dagskrá. Í breska þinginu er til dæmis algengast, að

Þingmaður flytji tillögu um, að fundi skuli slitið. Er talið, að slík tillaga sé í eðli sínu svo víðtæk, að innan ramma hennar megi fjalla um hvaða mál sem þingmönnum þóknast. Gerist þetta oft undir lok þingfunda síðla kvölds í London. Tilgangurinn og árangurinn er þó hið sama og með umræðum utan dagskrár á Alþingi.

Frumvarp þetta er flutt vegna vaxandi ágreinings um framkvæmd á umræðum utan dagskrár. Er gert ráð fyrir, að þær verði viðurkenndar í þingsköpum sem þáttur í þingstörfum, en lúti tvenns konar reglum um ræðulengd, eftir því hvort um hreina fyrirspurn er að ræða eða nauðsynlega umræðu um stórmál, sem skyndilega hefur horið að höndum.

Enda þótt slík ákvæði yrðu sett í þingsköp, er æskilegt, að umræður utan dagskrár verði takmarkaðar sem allra mest, því að þær eru utan við ramma venjulegra þingstarfa. Ættu forsetar að beita áhrifum sínum til að draga úr slíkum umræðum ýmist með fortölum eða neitun, ef málefni þingmanna gefa ekki ríkt tilefni til undantekninga og gætu hlotið meðferð eftir öðrum leiðum innan þingsins.